

Nefndasvið Alþingis
v/allsherjar- og menntamálanefndar
nefnasvid@althingi.is



Reykjavík, 22. febrúar 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn)

Samtökunum Líf án ofbeldis barst, þann 8. febrúar sl. frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn), [þingskjal 333—233. mál á 152. löggjafarþingi](#).

Líf án ofbeldis fagnar framlögðu frumvarpi um breytingu á skaðabótalögum sem mun gera þolendum kynferðisbrota og þolendum ofbeldisbrota í nánnum samböndum kleift að sækja formlega viðurkenningu fyrir dómstólum á þeim miska og/eða skaða sem þeir hafa hlotið, óháð fjárhag. Það félagslega óréttlæti sem brotapolí kann að upplifa þegar kærumál er felld niður eða gerandi er sýknaður af brotum í sakamáli, getur reynst viðkomandi aukin byrði. Staðfesting á ábyrgð geranda á verknaði getur skipt sköpum hvað varðar batahorfur eftir ofbeldi og í öllum tilvikum varðar úrlausn mála verulega miklu fyrir félagslega stöðu og einkahagi þolenda ofbeldis. Því hvetja samtökin Alþingi til að samþykkja breytingatillöguna.

Það gjafsóknarræði sem nú er fyrir hendi í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hefur ekki gagnast þeim sem ekki eru tekjulægstir í samfélaginu en þarfnast þó aðstoðar við að leita réttar síns.

Með því að lögbinda úrræði um gjafsókn við tilefni, líkt og kynferðis- og heimilisofbeldisbrot, er komið á fót raunverulegri jöfnun á aðgengi brotþola að dómstólum, sem er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða ofbeldisbrot, en kveðið er á um þessa jöfnun aðgengis í Mannréttindasáttmála Evrópu; rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns (13. gr.) og að réttindi séu tryggð án nokkurs manngreinarálits, til að mynda á grunni kynferðis, kynþáttar, uppruna eða eigna (14. gr.). Með breytingu yrði einnig stuðlað að jöfnun brotþola frammi fyrir lögum í samræmi við íslenska stjórnarskrá, og þá einnig jafnrétti kynjanna þar sem kynbundið ofbeldi er útbreitt á Íslandi. Frumvarp um lögbundna gjafsókn í einkamálum er varða sókn miska- og skaðabóta vegna kynferðisbrota og ofbeldisbrota milli nákominna, er því skref í átt að því að stjórnvöldum takist að efna skuldbindingar sínar við þolendur ofbeldis í samræmi við stjórnarskrá og þær alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, ekki síst samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

Til þess að aðgengi brotþola í ofbeldismálum að dómstólum verði raunverulega jafnað, telja samtökin þó mikilvægt að tilefnisrammi gjafsóknar sé útskýrður og lagt upp með reglugerð sem gerir ráð fyrir viðtækum áhrifum ofbeldis á heilsu og líf þolenda, til að mynda áfallastreitu. Ekki



er víst að þolandi ofbeldisbrots hafi þrek eða getu til þess að fylgja eftir kærni til lögreglu sem síðan er felld niður, yfir í einkamálarétt, að eigin frumkvæði eða undir eigin rekstri. Heildræn réttarbót fælist í sjálfstæðu kerfi sem tæki málin áfram í samráði við þolendur, ekki nauðsynlega að þeirra frumkvæði en með þeirra samþykki. Þá er mikilvægt þegar sakamál eru felld niður eða sýknudómur fellur að brotþola séu kynnt skilyrði sem kunna að gilda um höfðun einkamálsins og þá um gjafsókn, til að mynda fyrningartími brota, eins og við á, og sé leiðbeint í samræmi við það. Að sama skapi þarfnast útskýringar hvaða sönnur og skilyrði þurfi að liggja til grundvallar gjafsóknarákvæðinu, og að það verði ekki sett í hendur gjafsóknarnefndar líkt og gert er í dag, þar sem sú nefnd hefur tekið sér það vald að dæma mál [umsækjenda fyrirfram ólíkleg til sakfellingar](#) og eyða þannig gildi gjafsóknar.

Líf án ofbeldis fagnar þessum góðu skrefum sem nú eru stigin fyrir hönd brotþola ofbeldis, en leggur áherslu á heildræna sýn í þessum málum svo úrræðin gagnist þeim sem ætlast er til.

Fyrir hönd stjórnar:

Sigrún Sif Jóelsdóttir,

Gabríela Bryndís Ernudóttir,

Kolbrún Dögg Arnardóttir.

